

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

JANÚAR 2016

1. tbl. 23. árg.



Mynd: Jóhannes Long.

Alls útskrifuðust 130 nemendur frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti þann 18. desember sl. og fór útskriftarathöfnin fram í Hörpu. Dúx skólans var Matthías Árni Guðmundsson sem útskrifaðist af náttúrufræðibraut með einkunnina 9,32. Matthías er 19 ára og hlaut verðlaun í eðlisfræði, efnafræði, stærðfræði og spænsku. Á myndinni eru þeir nemendur sem hlutu verðlaun fyrir frammistöðu sína en á bls. 10 er mynd af öllum útskriftarhópnum ásamt frétt um útskriftina.



- bls. 4-6
Viðtal við
sr. Þórhall Heimisson

- bls. 8
Dagur B. Eggertsson

Þú kemst alltaf í bankann á L.is

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

♥ Apótekið
-einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

Þorramatur í miklu úrvali hjá okkur



Þín verslun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

- á traustum grunni



Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Landsprent ehf.
1. tbl. 23. árgangur
Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Heilsueflandi Breiðholt

Enn er stórt verkefni að hefjast í Breiðholti. Er þar um að ræða verkefni sem byggt er á nýrri forvarnarstefnu borgarinnar og samningi hennar og embættis landlæknis um samstarf til heilsueflingar og aukinnar lýðheilsu í Reykjavík. Nefnist verkefnið Heilsueflandi Breiðholt og er sérsníðið átaksverkefni fyrir Breiðholtið og er því ætlað að ná til fólks á öllum aldri. Í grein hér í blaðinu fjallar Þórdís Gísladóttir forstöðumaður verkefnisins um upphaf þess og tilgang og er ætlunin er að hún skrifi reglulegar greinar í Breiðholtsblaðið fyrst um sinn að minnsta kosti um þetta stóra mál. Breiðholtsbúar mega vera stoltir af að riðið skuli á vaðið í byggðinni þeirra með þetta mál og þeir eru hér með eindregið hvattir til þess að kynna sér efni og innihald Heilsueflandi Breiðholts í því augnamiði að heilsan er það mikilvægasta í lífi hvers og eins.

Auka þarf samtal á meðal fólks

Séra Þórhallur Heimisson sem nú starfar sem prestur Si Breiðholtskirkju spjallar við Breiðholtsblaðið á nýbyrjuðu ári. Þórhallur hefur bæði stundað nám í sagnfræði og guðfræði jafnframt því að hafa starfað sem prestur bæði á Íslandi og í Svíþjóð. Þórhallur hefur einnig ritað nokkrar bækur bæði um andleg og veraldleg málefni og má sérstaklega geta bókar hans um hjónabandið en hann hefur unnið mikið við hjónabandsráðgjöf meðfram prestsstarfinu. Í spjallinu við Breiðholtblaðið kemur hann víða við bæði í fortíð og nútíð en endar á að ræða þetta áhugamál sitt. Hann segir að að margt megí laga og leysa ef fólk komi með vandamál sín það tímanlega að þau séu ekki orðin næstum eða alveg óviðráðanleg. Hann segir einnig að auka verði samtal á meðal fólks almennt um lífið og tilveruna. Hann kveðst í störfum sínum finna fyrir þörf hjá fólki til þess að ræða þau mál á breiðum grundvelli og bendir á að þar hafi kirkjan verk að vinna. Að skapa rúm fyrir slíka umræðu innan sinna vébanda. Kirkjan þurfi að vera torg – vettvangur fólks til þess að tjá hugsanir sínar og skiptast á sjónarmiðum.

Breiðholt 2030

Ungmenni í Breiðholti eru stolt af hverfinu. Þeim þykir leiðinlegt að heyra þær staðalímyndir sem virðast sums staðar svífa yfir vötnum. Þau telja menntastofnanirnar vera framúrskarandi og eru stolt af því öfluga félagsstarfi sem er í Breiðholti og þeim flottu íþróttafélögum sem gleðja íbúa hverfisins með stórum sigrum á íþróttavöllum landsins. Þau eru áhyggjufull yfir minnkandi þjónustu í verslunarkjörnum hverfanna en trúa því að nú sé að birta til. Þetta og margt fleira kom fram á námskeiðinu Breiðholt 2030 sem efnt var til fyrir liðin áramót. Þetta er fólk sem alist hefur upp í Breiðholti og þekkir það af eigin raun. Hinar lífseigu staðalímyndir lifa einkum utan byggðarinnar og eru bornar uppi af fólki sem virðist hafa takmarkaða þekkingu á byggð og innviðum Breiðholtsins og engan vilja til þess að öðlast hana. Vonandi verður efnt til fleiri námskeiða af þessu tagi og á Magnús Guðmundsson þakkar skildar fyrir að hafa komið þessu verkefni á fót í Breiðholti.

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R



Nýjungar í úrgangsmálum

„Það er ekkert bruðl í úrgangsmálum í Reykjavík,“ segir Eygerður Margrétardóttir hjá Sorpu. Hún segir að borgarbúar hafi nú þegar pantað 1.700 grænar tunnur í Reykjavík en áætlanir gera ráð fyrir pöntunum upp á 4.000 tunnur á þessu ári. „Íbúar sjá þetta því greinilega sem ákjósanlegan kost,“ segir hún. Breyting vegna sorphirðu í Reykjavík gengur vel en hún felst í meiri þjónustu og lægra gjaldi fyrir heimili vegna íláta undir blandaðan úrgang. Auk þess er mögulegt að losna við meira magn af úrgangi en áður við heimili eða 281 lítra á viku í stað 253 lítra sem er til samræmis við flest önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu en síðustu ár hefur gráa tunnan verið losuð á 10 daga fresti í Reykjavík. Tilgangur þessarar breytinga er að mæta þeirri rúmmálsminnkun sem söfnun plasts í sér tunnu við heimili leiðir af sér en síðan í október hafa Reykvíkingar getað pantað græna tunnu undir plast við heimili. Með flokkun eykst endurvinnsla plasts og magn blandaðs úrgangs sem fer til urðunar minnkandi. Byrjað var að hirða samkvæmt nýju fyrirkomulagi þann 4. janúar sl. Þar sem um töluverðar breytingar á fyrirkomulagi hirðu er að ræða verður ekki gefið út hefðbundið sorphirðudagatal fyrr en reynsla er komin á það. Þangað til munu upplýsingar um áætlað hirðusvæði verða sett inn á heimasíðu borgarinnar vikulega. Íbúar geta jafnframt haft samband hafi þeir fyrirspurnir um hirðu í síma 411 1111 eða sent tölvupóst á netfangið sorphirda@reykjavik.is.

Búið að hreinsa flugeldaleyfar

Búið er að hreinsa megnið af þeim flugeldaleyfum sem víða



lágu á víð og dreif eftir áramót og nýjársglaðninga. Starfsmenn borgarinnar unnið að hreinsun og fólk var einnig hvatt til þess að henda þeim í ruslið svo þær grotni ekki niður þar sem skotið var upp í görðum, á götum eða opnum svæðum eins og kom fram í fréttatilkyngingu frá Reykjavíkurborg. Bent er á að megnið af flugeldaleyfum séu plast, pappi, tré og leir sem óhætt sé að setja í almennt rusl. Þar kom einnig fram að þeir sem skutu upp ættu að fara létt með að ganga frá eftir sig. Aðeins lítill hluti af hverjum skoteldi er púður, en ósprungnir skoteldar eiga að fara í spilliefnagáma á endurvinnslustöðvum Sorpu,“ segir ennfremur.



Samið við Sjúkratryggingar

Reykjavíkurborg og Sjúkratryggingar Íslands) hafa gert með sér nýjan samning til fjögurra ára um rekstur og framkvæmd heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu. Árlegur kostnaður við samninginn nemur rúmum 1,3 milljörðum króna. Samningurinn er gerður á grundvelli fjárveitinga til verkefnisins og byggir að meginstofni til á fyrri samningi aðila, dags. 9. mars 2012. Reykjavíkurborg tekur að sér að reka heimahjúkrun sem samþætt er með rekstri félagslegrar heimaþjónustu í Reykjavík og myndar þannig eina heild gagnvart notendum þjónustunnar. „Borgin hefur sinnt heimahjúkrun í nokkur ár með góðum árangri og fléttað hana saman við félagslega heimaþjónustu

sem er ótvíræður styrkur. Öflug heimahjúkrun gefur fólki kost á að vera eins lengi heima og hægt er og spítalinn getur einbeitt sér að þeirri lækni-, og umönnunarþjónustu sem kallar á spítalaumhverfi. Velferðar- og heilbrigðismál eiga marga snertifleti og ég vonast eftir enn meira samstarfi við ríkið um fleiri þætti sem geta bætt þjónustu við notendur,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra segir að öllum sé orðin ljós sú staðreynd að með því að samþætta heimahjúkrun og aðra þjónustu við fólk í heimahúsum skapist sóknarfæri í þágu notenda: „Bætt yfirsýn og samlegðaráhrifin sem fást með samþættingunni auka sveigjanleika og gera auðveldara að sníða þjónustuna að þörfum notenda. Allt er þetta til þess fallið að bæta öryggi þjónustunnar og þar með fólksins sem þarf hennar með. Þannig gerum við fólki kleift að búa sem lengst á eigin heimili sem er meginmarkmið samningsins“ segir Kristján Þór.



Þjónusta hverfastöðvarinnar

Hverfastöðin í Jafnaseli í Breiðholti þjónar Breiðholti, Árbæ, Selási, Norðlingaholti, Grafarvogi, Grafarholti, Úlfarsárdal, Höfðum, Hálsum og Ártúnsholti. Deildarstjóri er Hjalti J. Guðmundsson, Rekstrarstjóri er Ísak Möller og Rekstrarfulltrúi er Jón Eypór Eiríksson. Stöðin er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 7.30 til 17.00 og föstudaga kl. 7.30 - 15.25. Eitt af því sem stöðin annast eru hálkueyðingar og og snjóruðningur auk hreinsunar gatna opinna svæði. Full ástæða er til að benda á þjónustu stöðvarinnar á þessum árstíma þegar snjór, hálka og ófærð gera vart við sig.

Alls töluð 14 tungumál í einum bekk

Í einum bekk í Fellaskóla eru töluð 14 mismunandi tungumál en nemendur af 13 þjóðernum stunda nám í bekknum. Krakkarnir tala nepölsku, serbnesku, kínversku, arabísku og albönsku. Móðurmál þriggja er pólska, tveggja er rússneska, þriggja er filippseyska og svo tala þau líka víetnömsku, ensku, bisaya, úkraínsku og að sjálfsöögðu íslensku. Þetta kom fram í þætti af þáttaröðinni Rótum og var nýlega sýndur í ríkissjónvarpinu. Í þættinum var meðal annars fjallað um sambylí íslenskunnar og allra hinna tungumálanna sem töluð eru á Íslandi í dag. Einnig var rætt um hve mikilvægt það sé að hafa góð tök á eigin móðurmáli svo hægt sé að læra annað tungumál. Í þættinum var farið í heimsókn til Lawins Þórs sem er sex ára gamall og getur þegar státað af meiri tungumálakunnáttu en flestir. Mamma hans er frá Filippseyjum og tala mæðginin filippseysku sín á milli. Faðirinn er spænskur og feðgarnir tala spænsku sín á milli. Foreldrarnir tala síðan ensku saman og lærir drengurinn hana smám saman af því að fylgjast með þeim. Og að lokum má geta þess að þau tala öll íslensku.



Lawin Þór er sex ára gamall og elst upp við fjögur tungumál. Mynd RÚV.



Bakarí og kaffihús Bakarameistarans
taka vel á móti þér.

Nýbakað brauð, kökur og smurt brauð allan daginn – alla daga.



Bakarameistarinn

Austurveri • Glæsibæ • Húsgagnahöllinni • Mjódd • Smáratorgi • Suðurveri

VIÐTALIÐ

Kirkjan þarf að efna til umræðu

Séra Þórhallur Heimisson tók við prestsstarfi við Breiðholtskirkju 1. október á liðnu ári og er í tímabundinni ráðningu til 1. ágúst næst komandi. Þórhallur hefur komið víða við á lífsleiðinni. Hann er alin upp að miklu leyti í Skálholti þar sem faðir hans séra Heimir Steinsson, síðar þjóðgarðsvörður á Þingvöllum og útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins gegndi rektorsstarfi. Þórhallur starfaði um tíma í Svíþjóð ásamt framhaldsnámi í trúarbragðasögu, en tók síðan við prestsstarfi í Hafnarfirði. Hann hélt aftur til Svíþjóðar fyrir fjórum árum þar sem hann starfaði sem prestur hjá sænsku kirkjunni í Falun í Dölunum í Svíþjóð. Hann hefur jafnframt prestsstörfum ritað bækur og sinnt námskeiðahaldi – ekki síst um hjónabandið. Hann segist ekki hafa stefnt á prestsstarfið í byrjun þótt málin hafi þróast á þann hátt.

En hvernig kom Breiðholtið til. „Ég var á leiðinni heim frá Falun á liðnu sumri þegar ég sá starfið í Breiðholtskirkju auglýst. Ég sá að það hentaði mér mjög vel að ráða mig tímabundið en ég er að leysa séra Gísla Jónasson af sem er í leyfi frá sóknarprestsembættinu til þess að sinna starfi prófests í fjölmennasta prófastsdæmi landsins. Ég var þúinn að vera fjögur ár í Svíþjóð. Ég var í bæ sem heitir Falun og er í Dölunum, en mannlífið gerist vart sænskara en þar ef svo má að orði komast.“

Öðruvísi að starfa í Svíþjóð

Þórhallur segir talsvert öðruvísi að starfa hjá sænsku kirkjunni en þeirri íslensku. „Allt er svo skipulagt hjá Svíum. Maður vaknar að morgni og veit nokkuð nákvæmlega hvað bíður manns þann daginn. Hvaða verkefnum þarf að sinna. Hverjar kirkjulegar athafnir liggja fyrir og hver verkaskiptingin er. Presturinn stendur sínar vaktir en á svo frí á milli. Hér heima vaknar maður og veit nánast ekkert hvað dagurinn ber í skauti sínu. Eitt símtal getur breytt dagsmyndinni og tilfærsla á verkefnum fer af stað. Presturinn er í raun og veru alltaf á vakt. Þar er launakerfið líka einfaldara, engar aukagreiðslur eins og hér fyrir athafnir, aðeins föst laun og allar athafnir ókeypis fyrir meðlimi kirkjunnar.“

Sænska kirkjan ekki ríkiskirkja

Þar sem Þórhallur hefur starfað hjá sænsku kirkjunni er forvitnilegt að spyrja hann út í stöðu hennar í samfélaginu í ljósi þess að stundum er bent á Svíþjóð sem fyrirmynd ef aðskilja á ríki og kirkju hér á landi. Hann segir sænsku kirkjuna ekki þjóðkirkju en hafi engu að síður sterka stöðu í þjóðfélaginu. „Það sem aðskilur hana frá því fyrirkomulagi sem ríkir hér á landi er að hún er algerlega sjálfstæð stofnun og hefur verið það frá árinu 2000. Hún er ekki stjórnarskrárbundin



Þórhallur staddur á Þingvöllum en þar ólst hann upp um tíma. Hann segir að á Þingvöllum hafi nálægðin við söguna verið mjög sterk.

og sér algerlega um sín málefni sjálf og þiggur ekki greiðslur frá hinu opinbera. Hver söfnuður stendur á eigin fótum og á sínar eignir sem standa straum af kostnaði við starfið. Prestar eru því ekki embættismenn ríkisins, heldur kirkjunnar. Svíar fóru ekki þá leið sem farin var hér á landi með kirkjujarðasamkomulaginu svokallaða árið 1907 og 1997, að ríkið tæki yfir eignir kirkjunnar gegn því að koma að rekstri hennar m.a. með því að greiða laun presta og biskupa. Sænska kirkjan á sínar eignir sjálf sem eru miklar frá fornu fari. Ríkið kemur aftur að móti að viðhaldi bygginga sem teljast sameiginlegur menningararfur þjóðarinnar. Söfnuðir geta sótt fjármuni í sérstakan sjóð sem starfræktur er af ríkinu til viðhalds sögulegra bygginga og minja. Þar sem kirkjur falla undir þá skilgreiningu þá stendur hann að miklu leyti undir viðhaldi kirknanna. Sænska kirkjan á því jarðir og lönd og hlutabréf og hefur tekjur af þessu. Sem dæmi get ég nefnt að biskupsstíftíð í Vesterås á skóg sem skilar um 50 milljónum sænskar króna til rekstur biskupsstofu á ári sem er umtalsverð upphæð, nærri 800 milljónum íslenskra króna. Sænska kirkjan er því einn stærsti skógarbóndi Svíþjóðar.“

Þórhallur segir að vissulega megi deila um hvort trúfélag eða kirkja eigi að taka svo virkan þátt í atvinnulífi en í tilfelli sænsku kirkjunnar hafi hún aldrei gefið neitt frá sér í samskiptum við ríkið. „Þetta er megin munurinn á sænsku

Það sem aðskilur hana (sænsku kirkjuna) frá því fyrirkomulagi sem ríkir hér á landi er að hún er algerlega sjálfstæð stofnun og hefur verið það frá árinu 2000. Hún er ekki stjórnarskrárbundin og sér algerlega um sín málefni sjálf og þiggur ekki greiðslur frá hinu opinbera. Hver söfnuður stendur á eigin fótum og á sínar eignir sem standa straum af kostnaði við starfið. Prestar eru því ekki embættismenn ríkisins, heldur kirkjunnar.

kirkjunni og þeirri íslensku og því myndi kosta mikið umrót að rjúfa tengsl ríkis og kirkju með því að fara sænsku leiðina eins og hún er stundum kölluð.“

Kirkjuhaldið nær kaþólsku

En að öðru varðandi kirkjuna í Svíþjóð. Líkist hún íslensku þjóðkirkjunni? „Vissulega byggja þær á sama lúterska evangelíska grunni en sú sænska er þó talsvert

frábrugðin okkar kirkju – einkum er varðar helgihald. Helgihald í sænsku kirkjunni minnir um margt meira á helgihald kaþólikka en það helgihald sem hefur þróast hér. Sænska kirkjan og sú enska skera sig svolítið úr að þessu leyti enda er talsvert samband á milli þeirra. Þessar kirkjur hafa aldrei gengið eins langt frá kaþólskunni og jafnvel austurkirkjunni og aðrar kirkjur mótmælenda og ég verð að segja að helgihald þeirrar sænsku er mjög fallett.“

Guðfræðin og sagan togast á

Talið berst að prestsskapnum. Hvort Þórhallur hafi alltaf stefnt að því að verða prestur. Hann segir svo alls ekki hafa verið. „Ég er vissulega alinn upp í nálægð við kirkju og prestskap. Faðir minn var prestur þótt hann starfaði við fleira. Hann var lengi rektor Skálholtsskóla en tók síðar við starfi Þingvallaprests og þjóðgarðsvarðar.“ Þórhallur er því alin upp á tveimur af helstu sögustöðum þjóðarinnar. Hann segir mjög gott að hafa alist upp í Skálholti. Í nálægð við söguna og einnig það starf sem verið hafi í skólanum og á staðnum. Á Þingvöllum hafi þessi nálægð einnig verið mjög sterk. Þessi nálægð við kirkjulega umræðu og söguslóðir í uppveitinum vakti áhuga Þórhalls á sögu ekki síður en guðfræði. „Ég hóf háskólanám í sagnfræði við Háskóla Íslands eftir stúdentspróf og hugðist verða sagnfræðingur. Þetta þróaðist þó á þá leið að ég fór að kynna mér kirkjusögu sem leiddi

mig að lokum yfir í guðfræðina. Að því námi loknu hélt ég til Svíþjóðar hið fyrra sinni til þess að nema trúarbragðasögu. Þetta togaðist dálítið á hjá mér guðfræðin og sagan og kannski má segja að þótt ég hafi starfað og starfi í dag sem prestur þá hafi þessi togstreita aldrei yfirgefið mig.“

Fengist við ritstörf og námskeiðshald

Þórhallur hefur starfað eitt og annað með prestskapnum þar á meðal skrifað nokkrar bækur og annast námskeiðahald. Þessar bækur hafa verið af ýmsum toga – allt frá stríðssagnfræði yfir í bækur um kirkjusögu. Ein bóka hans er um Maríu Magdalenu einna umdeildustu persónu Nýja testamentisins þar sem fræði- og kennimenn hafa átt erfitt með að koma sér saman um hlutverk hennar. Í undirtitli bókarinnar spyr Þórhallur þeirrar spurningar hvort María Magdalena hafi verið „vegstjarna eða vændiskona“. Hann segir að tilganginn að baki bókinni þann að rekja hugmyndir sögunnar um þessa konu og hvernig kirkjan hafi bæði notað hana og misnotað í gegnum tíðina. Í bókinni dregur Þórhallur einnig fram ýmsar upplýsingar sem eiga erindi inn í þá daglegu umræðu sem nú fer fram.

Réttindalitlar og réttlausear

En hvað sameinar þessar fornu sagnir nútímanum? „Þegar ég fór að skoða söguna komst ég að ýmsu sem ég hreinlega vissi ekki



Þórhallur ásamt Heimi syni sínum.

um þrátt fyrir nám í guðfræði og sagnfræði. Eitt af því sem ég skoðaði við gerð bókarrinnar er staða kvenna á ýmsum tímum og hvernig karlasamfélaginu var og hefur verið viðhaldið. Ég byrjaði í Gamla testamentinu og fíkraði mig áfram, gegnum Nýja testamentið og svo áfram. Konur til forna voru réttindalitlar eða réttlausear á flestum sviðum, litnar hornauga eða jafnvel fyrirlitnar. Þetta viðhorf til kvenna var ríkjandi í sögum sem sagðar voru af Maríu Magdalenu. Og það sést greinilega í því hvernig menn túlkuðu hlutverk Maríu Magdalenu og hafa gert allt fram á okkar dag.“

Kúun kvenna er ævafornt fyrirbæri

Þórhallur segir að upphafið að kúgun kvenna sé ævafornt en hafi lifað af kynslóðir og aldir. „Þetta er það samfélagsviðhorf sem kirkjan er spröttin upp úr.

Hjónabandserfiðleikar geta átt sér margar orsakir. Stundum vex eða þróast fólk hvort frá öðru en oft vilja vandamál sem ekki þurfa að vera svo erfið í fyrstu vaxa ef ekkert er gert til þess að leysa þau og þá er oft nauðsynlegt að þriðji aðili komi við sögu.

hafi þessi orði ekki verið í hinu upprunalega bréfi og þá ekki frá Páli komin vegna þess að þau stangast á við annað sem kemur fram í síðari ritum honum eignuð – þar á meðal í Galatabrefinu þar sem hann segir að þeir sem trúir á Krist séu öll guðs börn, karlar jafnt sem konur. Svo getum við rakið þetta viðhorf áfram í Kóraninum sem verður til 700 árum síðar og í kenningum og reglum miðaldakirkjunnar“

Var hún konan sem ógnaði karlavelðinu?

En hver var María Magdalena og hvaða tilgangi þjónaði hún í guðspjöllunum? Var hún ástkona Jesú – var hún þessi syndum spillta kona eða var hún sterka konan sem reis upp gegn ríkjandi samfélagsviðhorfum? Þessi spurning vakti áhuga Þórhalls og varð efni í heila bók. „Mig langaði til þess að komast að því hvort hægt væri að sjá hvað lægi að baki myndinni sem dregin hefur verið upp af henni í gegnum aldirnar, bæði með því að rýna í texta og helgisagnir og einnig með því að kanna hvað skrifað var um aðrar konur á hennar dögum og hvernig það var túlkað síðar í kirkjunni. Hvað þessar sögur segi í raun og veru um stöðu kvenna. Samkvæmt guðspjöllunum var María Magdalena fyrsti postulinn, postuli postulanna. Hún er með Jesú alveg frá byrjun er hann hefur sitt starf í Galeleu, hún yfirgefur hann aldrei, er ein var með móður hans við krossinn þegar allir aðrir hafa yfirgefið Jesú og hún er fyrsta manneskjan sem mætir honum upprisnum, sú fyrsta sem Jesús sendir til að segja frá upprisunni. En síðan er henni ýtt til hliðar. Var það af því að hún var konan sem ógnaði karlavelðinu?“

Ef við lítum aftur til sögunnar þá kölluðust helstu trúar- og pólitískir leiðtogar Gyðinga rabbínar. Þeir höfðu ekki mikið álit á konum. Til dæmis má finna texta þekktis rabbína frá tíma Jesú sem segir að sérhver karlmaður verði að fara með þrjár þakkarbætur á hverjum degi; að morgni til að þakka guði að hann sé ekki skapaður heiðingi, um hádegisbil skuli hann þakka guði að hann sé ekki skapaður fávís og að kvöldi þakka að hann sé ekki skapaður kona. Þessi fróma bæn lifir enn góðu lífi á meðal strangtrúaðra gyðinga. Þetta viðhorf er ekki bundið við Gamla testamentið því í bréfi Páls postula til Korintumanna (1.Kor.14) er konum gert að þegja á safnaðarsamkomum en vilji þær fræðast skulu þær spyrja eiginmenn sína heima. Í þessu sambandi verður að geta þess að Páll var lærður Gyðingur og alin upp í strangtrúaðri fjölskyldu. Fræðimenn hafa þó bent á að hugsanlega



Þórhallur hefur sinnt ferðaþjónustu og fararstjórn og hér er hann við leiðsögn við Hagia Soffia kirkjuna í bænum Trabzone í austur Tyrklandi, nærri landamærum Georgiu.

Hjónabandsráðgjöfin kom með prestsstarfinu

Þórhallur rekur í bókinni þessa sögu allt fram á 20. öld þótt of langt mál sé að fara frekar út í það á þessum vettvangi. Hann hefur skrifað í allt átta bækur og af þeim má nefna bókina Hin mörgu andlit kristinnar, sem kom út árið 2012 og síðan bókina Hjónabandið

og sambúð þar sem hann tekur hjónaband og hjónabandsráðgjöf til umfjöllunar. En af hverju fór hann að fjalla um málefni hjónabandsins í bókformi. „Þessi mál koma mikið inn á borð til okkar prestanna. Ekki bara að við gefum hjón saman heldur er mikið leitað til okkar þegar erfiðleikar steðja að.

Framhald á bls. 6.

MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK
VORNÁMSKEIÐ 2016

SKRÁNING HAFIN

Fjölbreytt námskeið fyrir fólk á öllum aldri
www.myndlistaskolinn.is – sími: 5511990

**Námskeið í útibúi barna- og unglingadeildar,
Miðbergi við Gerðuberg**

6–9 ára, mán. kl. 15:15–17:00

10–12 ára, mið. kl. 15:00–17:00.

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

Hringbraut 121, 101 Reykjavík

Ökukennsla

www.bilprof.is

Ökufærni er lykilatriðið þegar ungmenni hefja akstur.

Hvar fær ungmennið þitt kennslu?

- Hluti námsins fer fram í fullkomnum ökuhermi
- Áhersla lögð á færni nemenda og öryggi þeirra í umferðinni
- Allt kennsluefni innifalið



Hringdu núna
og bókaðu
ökuskólann

ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD
– yfir 40 ár í fagmennsku.

Þekking og reynsla í fyrrirúmi



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 • Opið 10-17 alla daga.

Framhald af bls. 4-5.

Þegar brestir koma í hjónabönd eða þau ganga illa eða ekki af einhverjum orsökum kemur oft til okkar kasta. Ég fór því að íhuga hvað væri hægt að gera. Hvort unnt væri að hjálpa hjónum sem ættu í erfiðleikum til þess að leysa vanda sinn saman. Hjónabandserfiðleikar geta átt sér margar orsakir. Stundum vex eða þróast fólk hvort frá öðru en oft vilja vandamál sem ekki þurfa að vera svo erfið í fyrstu vaxa ef ekkert er gert til þess að leysa þau og þá er oft nauðsynlegt að þriðji aðili komi við sögu. Hjónabandsráðgjöfin kom til mín með prestsstarfinu og upp úr því fór ég að þróa hjónabandsnámskeiðin. Bókin um hjónabandið og sambúðina varð síðan til upp úr því. Þar kem ég meðal annars inn á hvað fólk getur gert sjálf til þess að styrkja samband sitt - að bæta sambúð sína og líðan. “

Hjónabandið þarf að rækta frá einni stund til annarrar

Finnst Þórhalli meiri þörf fyrir þetta núna en til dæmis þegar hann var að hefja prestskap? Hann segir að alltaf sé þörf á hjónabandsráðgjöf en ólík vandamál geti þó verið tímabundin og tekið mið af sveiflum í þjóðfélaginu. „Ég var þess mjög áskynja að hrunið sem varð hér síðla árs 2008 kom illa við mörg hjónabönd. Þá brustu á þjóðfélagslega erfiðir tímar eftir mjög mikla uppsveiflu, væntingar og spennu. Fótunum var kippt undan framtíðinni hjá mörgum fjölskyldum. Margar fjölskyldur urðu að endurskoða flest ef ekki allt sem búið var að leggja grun að í lífinu og þá tók að hrikta í því sem áður virtust sterkar stoðir. Þetta hefur lagast talsvert eftir því sem lengra er liðið frá hruninu og fólk hefur náð betri tökum á lífi sínu á ný. En hjónabandsvandamál eru ekki eitthvað sem hverfur með betri tíð eða bættri þjóðfélagsstöðu fólks. Þau skjóta upp kollinum hjá öllum. Og verða alltaf til staðar. Málið er að átta sig í tæka tíð og leita sér aðstoðar. Hjónabandið er verkefni sem lýkur ekki. Það þarf að rækta það frá degi til dags – frá einni stund til annarrar.

Karlar eru lokaðri en konur

Þórhallur lítur til baka til þeirra 25 ára sem hann hefur unnið að hjónaráðgjöf í einni eða annari mynd. Til þróunar sem hefur átt sér stað og til viðhorfsbreytinga sem hann hefur séð við störf sín. „Mér finnst ég hafa orðið var við viðhorfsbreytingu á síðari árum – bæði hér á landi og í Svíþjóð. Fólk er orðið opnara en það var og á það bæði við um konur og karla. Umræðan hefur breyst og ég finn orðið lítinn mun á að ræða þessi mál við konur og karla. Þannig var það ekki þegar ég var að byrja. Konur voru oft opnari en karlarnir hafa verið og auðveldara að nálgast þær. Þeir ræða vanda á borð við hjónabandsvandamál ef til vill ekki í sínum hópum – við vinnufélaga sína eða vini á öðrum vettvangi en eiga oft auðvelt með að ræða við prestinn eða hjónabandsráðgjafann. Í dag get ég ekki merkt mikinn mun á að ræða við konur og karla um þessa hluti lífsins. En karlar eru vissulega lokaðri svona almennt. Og þeir eiga ekki eins sterkt tengslanet og konur. Þetta kemur fram á mörgum sviðum í lífi þeirra, t.d. þegar starfslok ber að garði. Þegar vinnunni líkur er eins og sumir þeirra hafi að engu að hverfa – við ekkert að vera.“ Þórhallur segir að þetta eigi rætur í samfélagsgerðinni eða öllu heldur þeirri samfélagsgerð sem fólk sem komið er á miðjan aldur ólst upp við. „Konur áttu og eiga sér oft þéttara tengslanet. Saumaklúbbarnir gegndu og gegna enn mikilvægi hlutverki. Þær hafa líka oft verið virkar í félagsstarfi og eiga stundum fleiri vinnustaði að baki. Karlarnir voru alla vega bundnari vinnunni. Áttu vinnufélaga en stundum enga aðra kunningja eða vini og þegar vinnutímabilinu lauk var ekkert eftir. Þetta loðir enn við. Þótt þeir hafi verið og séu í einhverjum félögum – Lion, Kiwanis eða Rotary eða öðrum slíkum félagsskap þá mæta þeir kannski á fundi tvisvar í mánuði í hópum þar sem gömlum félögum fer fækkandi. Það dugar þeim ekki til þeirra mannlegu samskipta sem fólk þarfnast. Þessu þurfum viðað breyta. Fá karla til þess að vera félagslega virkari. Vonandi breytist þetta með nýjum kynslóðum. En við eigum langt í land.“

Með leiðsögumanninn í blóðinu

Auk sagnfræðirannsókna, prestsstarfa og ráðgjafar hefur Þórhallur mikinn áhuga á ferðalögum og hefur komið að störfum tengdum leiðsögn. Á komandi hausti hyggur hann á ferð með hóp fólks til Israel. Ferðir til landsins helga hafa að mestu legið niðri um árabíl eða frá því að séra Frank M. Halldórsson sem lengi var prestur í Neskirkju hætti að leiða ferðahópa þangað. „Ástandið á þessum slóðum hefur ekki verið talið vel tryggt fyrir ferðafólk en nú teljum við óhætt að efna til slíkrar ferðar,“ segir Þórhallur fullur tilhlökkunar að fara með fólki um þessar sögulegu slóðir þar sem kristnin eins og við þekkjum hana á upptök. „Þarna gest gott tækifæri til þess að kynna sögu kristinnar og leiða hana sama við nútímann.“

Þarf að efna til umræðu

Talið berst að tilgangi lífsins og þeirri umræðu sem fram fer í dag. Vantar ekki meira af heimspekilegri hugsun í mannlífið? Þórhallur tekur undir það og segir að það skorti meiri umræðu en áhugi sé þó greinilega fyrir hendi. „Ég finn fyrir því hjá fólki að það vill ræða málin. Umræða um lífið og tilveruna – um tilganginn með því fær ekki ekki rúm í umræðu dagsins sem oft er mjög einhæf. Kirkjan á að vera miðlæg að þessu leyti og Breiðholtskirkja er gott dæmi um slíka nálgun. Hún er staðsett í Mjóddinni sem er miðbæjarkjarni Breiðholtsins. Og þannig á kirkjan líka að vera – á miðju torgi lífsins – mitt í umræðunni. Kirkjan þarf að bjóða upp á samtal um það sem skiptir máli í lífinu. Það reyni ég sjálfur að gera með námskeiðum og í mínu starfi. Kirkjan þarf að mæta fólki með því að efna til umræðu.“

Hvað ungur nemur gamall temur

Þann 11. desember síðastliðinn var haldin snjókornasmiðja í Menningarhúsinu Gerðubergi. Listkennslunemar frá Listaháskóla Íslands komu á stefnumóti kynslóða og fengu til samstarfs við sig félagsstarf eldri borgara í Gerðubergi og börn frá leikskólanum Austurborg. Tilgangurinn var að komu á stefnumóti kynslóða með það að leiðarljósi að sameina krafta þessara aðila á skapandi hátt í snjókornasmiðju og búa til sameiginlegt listaverk.

Þarna skapaðist notaleg gæðastund og ungir sem aldnir nutu greinilega samveru hvors annars af heilum hug. Börnin voru fljót að læra hvernig ætti að klippa út snjókornin undir handleiðslu eldri borgara í félagsstarfinu. Það fylgdi gleði og stolt hverju snjókorni og einbeittan áhuga, ánægju og stolt mátti lesa úr andlitum þátttakenda yfir hverju snjókorni sem varð til.

Ýmsar skemmtilegar uppákomur áttu sér stað meðan snjókornasmiðjan stóð yfir. Nokkrir meðlimir úr kór eldri borgara stungu inn nefinu í snjókornasmiðjuna og sungu hári raustu nokkur lög, smiðjugestum til mikillar ánægju. Síðan

færðist heldur betur fjör í leikinn þegar Þorvaldur Jónsson tók fram harmonikkuna og Sigurður Guðmundsson stjórnaði fjöldasöng þar sem ungir og aldnir sameinuðust í söng um leið og klippt voru út snjókorn. Og að lokum gæddu smiðjugestir sér á heitu súkkulaði með rjóma og heimabökuðum piparkökum og börn og fullorðnir fóru heim með bros á vör.

Snjókornunum var síðan safnað saman og mynda eitt stórt ljóðrænt myndverk sem fékk nafnið „Snædrífa“ og prýðir nú Vegginn í kaffihúsi Gerðubergs.

Það voru þær Elínóra Kristinsdóttir, Halldóra Rósa Björnsdóttir, Kristín Bogadóttir og Kristín Þóra Guðbjartsdóttir frá Listaháskólanum sem komu á þessu stefnumóti kynslóða í samstarfi við; Borgarbókasafn – Menningarhús Gerðubergi, Félagsstarfið Gerðubergi og Leikskólann Austurborg.

Verkið „Snædrífa“ er til sýnis á Veggnum í kaffihúsi Gerðubergs og stendur til 29. febrúar.



Menningarveisla í Gerðubergi í janúar

Í Gerðubergi opna þrjár sýningar í janúar. Í Boganum ríður Guðrún Ingibjartsdóttir á vaðið með sýninguna Veröldin mín 17. janúar en þar eru fallegar landslagsmyndir unnar með vatnslitum.

Þann 30. janúar opnar sýningin Örheimar í Horninu en þar sýnir Jaroslaw Lenski ofursmáa skúlptúra unna úr ritblýi. Sýningin Þetta vilja börnin sjá verður á sínum stað að vanda en þar sýna listamenn myndskreytingar úr íslenskum barnabókum sem komu út árið 2015. Skrímsla-sýningin vinsæla, Skrímslin bjóða heim, stendur fram til loka apríl en nú þegar hafa mörg þúsund manns komið og upplifað heim skrímslanna. Í kaffihúsi Gerðubergs ber að líta dásamlega sýningu á handgerðum snjókornum úr pappir en sýningin er samstarfsverkefni eldri borgara í Félagsstarfi Gerðuberg og barna frá leikskólanum Austurborg.

Börn eru alltaf velkomin í Gerðuberg og alltaf eitthvað skemmtilegt um að vera eins



Gunnar Hersveinn verður á sínum stað og býður Láru G. Sigurðardóttur lækni og doktor í lýðheilsuvísindum í fyrsta heimspekikaffið til að fræða um samband hugar og líkama.



og klippismiðjur, námskeið og fönður flestar helgar í janúar.

Á Jazz í hádeginu þann 15. janúar velur píanóleikarinn Agnar Már Magnússon nokkra af sínum uppáhalds lögum úr amerísku söngbókinni. Leifur Gunnarsson leikur með á kontrabassa og verða tónleikarnir endurteknir í Spönginni þann 16. janúar.

Heimspekikaffi verður á sínum stað og að þessu sinni býður Gunnar Hersveinn Láru G. Sigurðardóttur lækni og doktor í lýðheilsuvísindum til að fræða okkur um samband hugar og líkama. Og spurt er; hefur hugsun áhrif á heilsu?

Upplýsingar um dagskránnar er að finna á www.borgarbokasafn.is

★ www.tattoo.is ★

simi: 7722171

Arnarþaki 2

CLASSIC TATTOO

REYKJAVÍK

Opið 12:00-19:00 mánudaga til föstudaga

★ tattoo@tattoo.is ★

HAPPDRAETTI KNATTSPYRNUDEILDAR ÍR

Taktu vel á móti sölumönnum okkar Frábærir vinningar!

1 ORMSSON - AEG BAKARAOFN - 109.900 kr.
10 ÁRSMÍÐAR - KND., HKND OG KARFA - 680.000 kr.
1 REBOOKFITNESS - ÁRSKORT - 78. 480 kr.
1 ICELANDAIR - FLUGMIÐI FYRIR 2 TIL EVRÓPU - 64.000 kr.
2 GÁSKI - ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT - 68.000 kr.
2 WORLD CLASS - 3JA MÁN.KORT. - 62.380 kr.
1 VODAFONE - GJAFABRÉF - 30.000 kr
1 TENGI - GJAFABRÉF - 15.000 kr.
3 MORGUNBLAÐIÐ - 3.MÁN.ÁSKRIFT - 42.120 kr
1 LEIKSPORT - FÓTBOLTASKÓR - 12.000 kr
1 SJÁÐU - GLERAUGAVERSLUN - GJAFABRÉF - 12.900 kr.
1 LEIKSPORT - JAKO ÍÞRÓTTAGALLI - 12.000 kr
2 HEILSA - GJAFÄÖSKJUR - 20.000 kr.
1 LEIKSPORT - FJÖLSKYLDUSPIL - 7000 kr.
5 VEIÐIKORTIÐ 2015 - 34.500 kr.
2 BRAUÐRIST - BYKO - 12.00 kr.
2 KAFFIKANNA - BYKO - 12.00 kr.
2 FISKBÚÐ HÓLMGEIRS - GJAFABRÉF - 10.000 kr.
3 LÖÐUR - GJAFAKORT Á ÞVOTT- 10.470 kr.
20 NIVEA - GJAFÄÖSKJUR - DÖMU - 29.000 kr.

Verð: 1500.-

Aðeins 4000 miðar

Dregið 17.02.2015



**Heildarverðmæti vinninga er:
1.352.650**

Áfram verður lögð áhersla á Breiðholtið

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir að stóra hlutverk Reykjavíkur sé að standa sig í samkeppni við aðrar borgir og ekki síst þegar yngri kynslóðirnar eiga í hlut. „Mér finnst mikilvægt að borgarbúar og aðrir landsmenn standi saman að þessu verkefni þar sem er býsna mikill slagur. Við verðum að standa saman um mikilvægi þess að borgin vaxi og dafni. Að þar séu öflug fyrirtæki og greidd góð laun. Við verðum að standa saman um spennandi atvinnufyrirtæki og einnig möguleika til afþreyingar. Lykilatriðið er bæta lífsgæði, að allar ákvarðanir okkar og stefna stefni að lífsgæðaborg fyrir alla. Það gerum við með því að standa vörð um það sem er gott en einnig með því að hleypa af stað jákvæðri uppbyggingu í borginni.“ Dagur segir að áfram verði lögð áhersla á Breiðholtið. Hann spjallar við Breiðholtsblaðið í upphafi nýs árs.

Hver er leiðin að þessu fróma markmiði? „Á undanförnum árum höfum við verið að koma út úr tímum sem einkenndust af þrengingum og kreppu en nú er að verða góður viðsnúningur. En um leið erum við stödd á skeiði þar sem Reykjavíkurborg er að draga vagninn í hagvexti fyrir landið allt. Við erum ef til vill að stefna í mesta uppbyggingarskeið í sögu borgarinnar. Þetta reynir vissulega á okkur. Við verðum að huga vel að skipulagi og tryggja að uppbyggingin sé á réttum stöðum en um leið skiptir máli að muna eftir því að nú er mikil eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði sem við viljum svara betur en hægt var að gera á árunum eftir bankahrunið. Bæði varðandi tegundir og stærðir íbúða og vinna að því stóra verkefni að tryggja öllum húsnæði. Það verkefni er og verður áfram áskorun. Þess vegna leggjum við svo mikla áherslu á húsnæðismálin og þær fjölbreyttu þarfir sem þau fela í sér. Við getum ekki skipulagt borg fyrir einn hóp eða einsleita íbúáþróun heldur verðum við að horfa á allan skalann og þá fjölbreytni sem býr í borginni. Henni þarf að mæta með margbreytilegum valkostum og framboði af húsnæði. Fólk kys að kaupa sér húsnæði, aðrir vilja festa sér búseturétt og enn aðrir vera á leigumarkaði. Öll þessi flóra þarf



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

því að vera til. Og það er ekki nóg að hafa þak yfir höfuðið. Það þarf að vera húsnæðisöryggi fyrir alla. Það er ekki staðan núna.“

Verðum að auka fjölbreytni og skapandi greinar

Þegar maður horfið yfir atvinnulífið þá er sambærilega sögu að segja. Fjölbreytnin er að aukast en á fyrstu árum þessarar aldar var eins og bankarnir söguðu allt til sín – bæði fjármuni og starfsfólk. En eftir að þeir féllu varð flestum ljóst að auka yrði fjölbreytnina. Reykjavík setti fókusinn á ferðapjónustu og þá sérstaklega utan háannatíma – það er að segja vetrartímann og vor og haust. Sá vöxtur hefur gengið eftir og er orðinn mun meiri en nokkur bjóst við þegar farið var af stað. Við höfum einnig verið að leggja áherslu á þekkingariðnað og skapandi greinar. Við höfum verið að leggja áherslu á vaxtarmögu-leika sjávarútvegs og hafnsækinnar starfsemi. Við höfum einnig verið að leggja áherslu á menningu. Það tengist hugmyndum um skapandi greinar og skapar möguleika fyrir fólk hvort sem það starfar hér á landi eða erlendis eða jafnvel á fleiri en einum stað.“

Erum að sjá skuldir borgarinnar lækka

Talið berst að fjárhagsstöðu borgarinnar sem nokkuð hefur verið gagnrýnd. Er hún jafn slæm og stundum má skilja af þeirri umræðu sem fer fram. „Við þurfum áfram að sýna aðhald. Eftir gerð síðustu kjarasamninga fylgdu tekjur ekki með þeim auknu útgjöldum sem þeir leiddu til hvorki hjá Reykjavíkurborg eða öðrum sveitarfélögum – hvorki á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar á landinu. Við höfum hins vegar sett af stað vinnu á vettvangi borgarinnar til þess að takast hratt og skipulega á við þennan vanda. Það er nokkuð sem verður að gera. Þetta eðlilega aðhald má þó ekki skyggja á töru myndina sem er engu að síður sú að við erum að sjá skuldir borgarinnar lækka. Við höfum verið að taka til í fjárhag fyrirtækja borgarinnar og þar er Orkuveitan lang fyrirferðamest. Það verkefni hefur gengið vel og borgin stendur sterkari eftir. Við munum vinna þau verkefni sem framundan eru með sambærilegum hætti og ég er ekki viss um að allir veri mikið varir við það nema ef til vill í umræðunni en sú hagræðing sem við verðum að ná er alveg innan þeirra marka sem við og stjórnendum okkar í valddreifðu borgarkerfi treystum okkur til.“

Endurskoða þarf tekjuskiptinguna

Dagur segir að starfsfólk borgarinnar hafi staðið sig mjög

vel í slíkum verkefnum við erfiðar aðstæður á undanförnum árum. Hins vegar blasi við öllum sveitarfélögum og ekki síst þeim á höfuðborgarsvæðinu sú staðreynd að endurskoða verði tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Dagur segir að ríkið hafi skammtað naumt úr hnefa þegar verkefni hafa verið flutt frá ríki til sveitarfélaga. „Við fengum nokkra leiðréttingu í málefnum fatlaðs fólks fyrir síðustu jól sem munar um en það er miklu fleira sem huga þarf að. Af því að við vorum að nefna vöxtinn í ferðapjónustunni er mjög áberandi að hve miklu leyti skatttekjur af þeirri atvinnugrein renna beint í ríkissjóð. Þar er ég að tala um veltutengdu skattana – einkum virðisaukaskattinn. Þessir fjármunir verða eftir hjá ríkinu á meðan sveitarfélögin þurfa að taka aukin útgjöld á sig. Við höfum tekið þetta upp og viljum ræða það og breyta þessari skiptingu. Ég tek fullkomlega eðlilegt að sveitarfélögin fá gistináttgjalð – gjald sem greitt er af hverri nótt sem gist er á gististað nákvæmlega eins og er víðast hvað erlendis þar sem fólk greiðir svokallaðan „City tax“ ofan á gistiverðið. Með því væri hægt að tryggja sveitarfélögunum aukna möguleika til þess að standa undir því álagi sem mikil fjölgun ferðamanna skapar.“

Ef ekki - verður að taka fjármuni frá menntun og velferð

Dagur segir að skilningur á

Þegar er komið að framkvæmdum við nýja íþróttavöll á ÍR svæðinu og ætlunin er að opna líkamsræktarstöð við Íþróttahúsið í Austurbergi síðar í vetur eða í vor – þá fyrstu í 20 þúsund manna byggð. Á næstu misserum munu íbúðir rísa á vegum Búseta og félags eldri borgara í nánd við Árskógana.

þessum málum sé að aukast og mikilvægt að ferðapjónusta taki sem atvinnugrein undir þessar ábendingar. „Ég tel mikilvægt að íbúar í sveitarfélögum þurfi ekki að horfa upp á að takmarkað skattfé sé ekki notað til þess að sinna umhirðu og öðru sem tengist ferðapjónustu með beinum hætti. Ef þessu verður ekki breytt geta þessi verkefni farið að keppa með beinum hætti við þá fjármuni sem fara til skólalahlds eða þjónustu við fatlaða og eldri borgara sem þarf að standa vel að.“

Uppbygging og velferð fara saman

Dagur kveðst ekki sjá neina þversögn í því að vera borg þar sem mikil uppbygging á sér stað og að vera velferðarborg. „Við verðum að muna að öflugt atvinnulíf og tekjur sem þá skapar borginni er grundvöllur þess að reka góða skóla og öflugt velferðarkerfi sem við viljum hafa.“ Dagur segir að Reykjavíkurborg sé hlutfallslega með þyngra velferðarkerfi en nágrannasveitarfélögin. „Við erum með umtalsvert hærri hlutfallsleg útgjöld vegna velferðarmála en nokkurt annað sveitarfélag sem stafar að minnsta kosti að hluta af því að ef fólk þarf meiri þjónustu þá leitar það til höfuðborgarinnar og einnig vegna þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið í velferðarmálum – að vera velferðarsamfélag.“

Áfram verður lögð áhersla á Breiðholtið

Að lokum að Breiðholtinu. Umtalsverð áhersla hefur verið lögð á Breiðholtið á undanförnum árum. Spurningin er því hvort nóg sé að gert í bili og snúa verði sér að öðrum borgarhlutum og hverfum eða hvort haldið verður áfram á sömu braut í þessari fjölmennustu byggð borgarinnar. Dagur segir að haldið verði áfram. „Við verðum áfram með sértaka áherslu á Breiðholtið og stofnanir þar. Þegar er komið að framkvæmdum við nýja íþróttavöll á ÍR svæðinu og ætlunin er að opna líkamsræktarstöð við Íþróttahúsið í Austurbergi síðar í vetur eða í vor – þá fyrstu í 20 þúsund manna byggð. Á næstu misserum munu íbúðir rísa á vegum Búseta og félags eldri borgara í nánd við Árskógana. Við erum líka að vinna hverfaskipulag og við þá vinnu hefur komið í ljós að áhugavert gæti verið endurmóta einhver svæði eða skilgreina þau sem þróunarsvæði. Ég er ekki að tala um að fara út í að brjóta núverandi byggð upp sem er orðin fastmótuð og gróin. Þó er ljóst eð enn er hægt að byggja nokkuð á völdum svæðum í Breiðholti og styrkja byggðina enn frá því sem nú er. Þá er einnig mikilvægt að efla þjónustu og við höfum sé að þegar hún hverfur fækkar fólki. Nefna má Fellin og Arnarbakkann sem dæmi um slík svæði og það er fullur vilji til þess að halda uppbyggingu áfram.“

Verið velkomin í

MENNINGARHÚS GERÐUBERGI

allir viðburðir ókeypis

Jazz í hádeginu

Mínir uppáhalds standardar

Agnar Már Magnússon og Leifur Gunnarsson

Föstudaginn 15. janúar kl. 12:15-13:00

Laugardaginn 16. janúar kl. 13:15-14:00 í Borgarbókasafninu Spönginni

Heimspekikaffi

Heilbrigð hugsun og líkami

Miðvikudaginn 20. janúar kl. 20.00

Rithöfundurinn Gunnar Hersveinn spjallar um gildin í lífinu og fær til sín Láru G. Sigurðardóttur lækni til að fræða um samband hugar og líkama. Hefur hugsun áhrif á heilsu?

BORGARBÓKASAFNIÐ

MENNINGARHÚS GERÐUBERGI Sími 411-6170 | gerduberg@reykjavik.is | www.borgarbokasafni.is

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.

www.eignaumsjon.is

S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Níundi bekkur gerir stuttmynd

Að undanfögnu hafa nemendur í 9. bekk Breiðholtsskóla búið til stuttmynd í upplýsingaverinu eftir handriti sem unnið var í íslensku hjá Guðnýju og Sólveigu.

Mikið líf og fjör hefur verið og afraksturinn eru átta myndir. Í febrúar verður uppskeruhátíð í SAM-bíóunum, en þá verða sýndir allir "trailerar" nemenda úr Breiðholtsskóla, Hólabrekkuskóla og Ölduselsskóla. Dórnafnd velur síðan verðlaunamyndir.



Unnið að gerð stuttmyndarinnar í myndverinu.

Ásgeir Valur Kjartansson vann Ássmótið

Hið árlega skákmót um Áss bikarinn og þar með skákmeistaratitil Breiðholtsskóla fór fram 14. desember 2015 sl. Keppendur voru 11 og fór mótið í alla staði vel fram. Mikil keppnisgleði ríkti og voru keppendur allir sem einn kurteisir og sýndu mótherjum sínum virðingu í hvívetna.

Í fyrsta sæti varð Ásgeir Valur Kjartansson 6. RV Hann er því skákmeistari Breiðholtsskóla 2015, fær bikarinn til varðveislu í eitt ár auk gullverðlaunapenings til eignar. Í öðru sæti hafnaði Dagur Snær Heimisson 6. RV og hreppti hann silfri. Númer þrjú að þessu sinni varð Sigurður Ríkharð Marteinson 5. HBH og hlaut bronsið.



Sigursælir skákmenn á ÁSSmótinu í Breiðholtsskóla.

Höfum gaman og

dönsum saman

Innritun er hafin

Innritun og upplýsingar
alla virka daga kl. 10.00-22.00 í síma
862 6168
eða á heimasíðunni
www.hvonn.is

Ath. Kópavogsbær, Rvk og Garðabær styrkja börn (5-17 ára) til danskennslu

Innritun hafin í alla hópa:
Barnadansar
Gömlu dansarnir
Samkvæmsdansar
Brúðarvals

Barnahópar,
unglingahópar,
fullorðinshópar,
keppnishópar,
byrjendur og
framhald
Allir velkomnir

Dansfélagið Hvönn

Dansfélagið Hvönn - Íþróttamiðstöðinni Vallarkór 14, 203 Kóp.
S. 862 6168 og 615 2318, e-mail: hvonn@hvonn.is - www.hvonn.is

Við erum kannski ekki í alfaraleið, en við erum fágæt perla sem sameinum bæði lægra verð OG góða þjónustu!

- ✓ Komdu og gerðu verðsamanburð
- ✓ Við erum með betri afslátt fyrir **eldri borgara og öryrkja**
- ✓ **Fríar** heimsendingar lyfja

Hraunbergsapótek
Heilbrigð skynsemi
Opið **8:30-18** á virkum dögum
info@hraunbergsapotek.is
Fésbók: hapotek
S: 530 9500

Janúar-tilboð – við hjálpum þér að uppfylla áramótaheitið



-20%

Á meðan birgðir endast

Aukin hreyfing en laus við liðverkina

- Náttúrulegt byggingarefni brjóskefs



Heild-söluverð

Fruitmint tyggjó 2mg & 4mg
Allar pakkastærðir

Minnkaðu reyklöngunina Með Nicorette



-20%

Náttúrulegur stuðningur í baráttunni við aukakílóin

130 nemendur útskrifuðust frá FB

Alls útskrifuðust 130 nemendur frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti þann 18. desember sl. og fór útskriftarathöfnin fram í Hörpu. Dúx skólans var Matthías Árni Guðmundsson sem útskrifaðist af náttúrufræðibraut með einkunnina 9,32. Matthías er 19 ára og hlaut verðlaun í eðlisfræði, efnafræði, stærðfræði og spænsku.



Matthías Árni Guðmundsson varð dúx skólans að þessu sinni.

Þess má geta að Matthías fékk 10 í öllum stærðfræðiáföngunum sem hann tók en tók samtals 8 áfanga. Átján nemendur útskrifuðust af sjúkraliðabraut og 18 af húsasmíðabraut, 21 af rafvirkjabraut og 9 af snyrtibraut. Vilborg Vala Sigurjónsdóttir var semidúx með einkunnina 9,03. Hún útskrifaðist af tveimur brautum; náttúrufræðibraut og myndlistarbraut. Hún hlaut viðurkenningu frá Soroptimistaklúbbi Hóla og Fella, og verðlaun fyrir eðlisfræði, jarðfræði, myndlistargreinar og þýsku. Hulda Hrefna Marteinsdóttir útskrifaðist af fata- og textílbraut og hlaut viðurkenningu fyrir námsárangur og góða kunnáttu í íslensku frá Styrktarsjóði Kristínar Arnalds, fyrrverandi skólameistara FB. Hallfríður Elín



Útskriftarhópurinn á sviðinu í Hörpu. Mynd: Jóhannes Long.

Pétursdóttir útskrifaðist af fata- og textílbraut og fékk viðurkenningu frá Rótaryklúbbi Breiðholts fyrir góðan námsárangur og félagsstörf.



Hulda Hrefna Marteinsdóttir útskrifaðist af fata- og textílbraut og hlaut viðurkenningu fyrir námsárangur og góða kunnáttu í íslensku frá Styrktarsjóði Kristínar Arnalds, fyrrverandi skólameistara FB.



Hallfríður Elín Pétursdóttir útskrifaðist af fata- og textílbraut og fékk viðurkenningu frá Rótaryklúbbi Breiðholts fyrir góðan námsárangur og félagsstörf.

Fella- og Hólakirkja:

Tónlistarlífið blómstrar

Tónlistarlífið í Fella- og Hólakirkju blómstrar að venju og nú eru fjórir kórar starfandi í kirkjunni þar sem fólk á öllum aldri tekur þátt í margskonar tónlistarflutningi. Yngra Litrófið sem eru krakkar úr 3. til 6. bekk æfa á miðvikudögum á milli kl. 15 og 16 og eldra Litrófið, krakkar úr 7. til 10. bekk æfir á miðvikudögum á milli kl. 16.30 og 17.30. Ungmennakór Breiðholts eða FB-kórinn eins og hann er stundum kallaður æfir á þriðjudögum og föstudögum kl. 17 til 18.30 Kirkjukór Fella- og Hólakirkju æfir síðan á þriðjudagskvöldum kl. 19.30 til 21.30. Margvísleg verkefni verða á döfinni það sem

eftir er vetrar og í vor. Má þar nefna að Litrófshóparnir báðir muna verða með ABBA-show, Ungmennakór Breiðholts mun fara til Laugarvatns í janúar og taka þátt í landsmóti æskukóra í Langholtskirkju og Hörpunni í febrúar og kirkjukórinn mun æfa verk eftir Vivaldi og Rutter og flytja í vor. Þeir sem áhuga hafa á að taka þátt í tónlistarstarfinu mega gjarnan hafa samband við Arnhildi Valgarðsdóttir organista í síma 6987154 eða á netfangið arnhildur@simnet.is



Þessar myndir voru teknar á æfingum og tónleikum tónlistarfólksins í Fella- og Hólakirkju.

Námskeiðið Breiðholt 2030

Ungmennin eru stolt af hverfinu sínu

Í aðdraganda jóla bauðst ungmennum hverfisins að sitja námskeið sem kallaðist Breiðholt 2030. Námskeiðið var hugsað sem blanda af fróðleik og valdeflingu og var markmiðið að rýna í sýn ungmenna á hverfinu og hvetja þau til virkrar þátttöku. Sá sem stóð fyrir námskeiðinu heitir Magnús Sigurjón Guðmundsson og er borinn og barnfæddur Breiðhyllingur.

Magnús sem aldrei er kallaður annað en Maggi Peran er tómstundafræðingur að mennt og hefur yfirgripsmikla þekkingu og reynslu á störfum með unglingum. Hann var forstöðumaður yfir félagsmiðstöðvum í rúman áratug og hefur starfað hjá Barnavernd sem og fyrir Samfés, samtök félagsmiðstöðva á Íslandi. Magnús hlaut styrk frá Hverfissjóði Reykjavíkur fyrir námskeiðinu og auglýsti hann námskeiðið víða. Þátttakendur námskeiðsins voru margir hverjir reynslumiklir meðlimir nemenda- og ungmennaráða og höfðu bersýnilega fengið frábæra þjálfun í gegnum það starf. Þau voru þroskuð, fagleg og höfðu sterkar skoðanir á hverfinu sínu.

Stolt af Breiðholtinu

Ungmennin voru stolt af hverfinu en þykir leiðinlegt að heyra þær staðalímyndir sem virðast sumstaðar svífa yfir vötnum. Þau telja menntastofnirnar vera framúrskarandi



Ungmennin sem tóku þátt í námskeiðinu Breiðholt 2030.

á mörgum sviðum og nefndu sérstaklega sérstöðu Fjölbrotarskólans í Breiðholti er varðar listnámskennslu sem og það magnaða framboð sem þar er á námi. Þau voru stolt af því öflugra félagsstarfi sem herna er og þeim flottu íþróttafélögum sem gleðja íbúa hverfisins með stórum sigrum á íþróttavöllum landsins. Þau eru áhyggjufull yfir minnkandi þjónustu í verslunarkjörnum hverfanna en trúa því að nú sé að birta til. Ungmennin hverfisins eru stolt af Breiðholtslaug sem þau segja að sé ein fallegasta

og besta sundlaug Reykjavíkur. Þau verðlaunuðu eina verslun sem þá verslun sem þau vilja sjá standa enn árið 2030 og skegg-ræddu hvernig þau geta haft áhrif á samfélagið okkar núna. Þau ræddu hvernig þau vilja sjá hverfið eftir 15 ár og mun Magnús á næstu misserum taka saman þeirra sýn og senda á stjórnsmála-menn borgarinnar. Það er ljóst að í hverfinu okkar býr drifandi og dugleg æska. Æska sem hefur sterkar og góðar skoðanir. Þurfum við kannski að hlusta meira á hvað unga fólk vil?

Unglingar verðlauna Braga í Leiksport

Flest ungmenni á námskeiðinu Breiðholt 2030 kváðust vilja sjá verslunina Leiksport í Hólagarði starfandi árið 2030. Aðrar verðlaunir sem voru nefndar voru við sama tækifæri voru Adams pizza og Þín verslun við Seljabraut.

Á námskeiðinu Breiðholt 2030 sem haldið var rétt fyrir jól fengu ungmenni hverfisins fræðslu um þróun verslunar og þjónustu í hverfinu. Þau hlýddu á stutt innlegg um hvaða fyrirtæki og stofnanir hér var að finna á mótunarárum hverfisins og hvernig íbúar tóku virkan þátt í þróuninni. Þar var komið inn á þátttöku hópa sem spruttu upp og reyndu að knýja á breytingar til hins betra. Fengu ungmennin að sjá gamlar innsendar blaðagreinar frá einstaka íbúum sem og skrif stjórnarmanna Framfarafélag Breiðholts og öðluðust þar með innsýn í hvernig íbúar hverfisins gátu tekið þátt í mótun þess með valdeflinguna að vopni. Þá rýndu ungmennin í stöðuna í dag og fengu það verkefni að velja það fyrirtæki sem þeim þætti hvað vænstu um. Spurt var hvaða fyrirtæki þau vilja sjá standa enn árið 2030 og stóð ekki á svörum. Umræðan var lífleg og var ljóst að ungmenni hverfisins þekkja nær samfélagið vel og þykir vænt um hvern króka þess og kima. Mjótt var á munum en í efstu þremur sætum völdu ungmennin: 3. sæti Þín verslun Seljabraut, 2. sæti Adams Pizza en í 1. sæti völdu þau verslun Braga Björnssonar í Leiksport, Hólagarði. Í rökstuðningi þeirra kom fram að búð Braga sé að þeirra mati perla sem glæði samfélagið þeirra lífi. Gott sé að koma í búðina, þar sé gott úrval af margvíslegum vörum og þjónustan vinalæg. Bragi sé alltaf mættur með bros á vör og reiðubúinn að hjálpa. Ungmennin hverfisins vona að verðlaunin verði hvatning fyrir Leiksport til að halda áfram rekstri sínum til ársins 2030. Við óskum Braga Björnssyni í Leiksport innilega til hamingju.



Bragi Björnsson í Leiksport með verðlaunin en ungmennin á námskeiðinu sögðu að búðin hans Braga væri perla.

Hársnyrtistofan Galtará

Hraunbergi 4 • sími: 5572440

Óskar viðskiptavinum sínum gleðilegs árs og þakkar viðskiptin á liðnu ári.

Þjóðum gamla og nýja viðskiptavini velkomna.

Kveðja, Bryndís, Gréta, Silla Vilborg og Inga.

PROFESSIONAL
SEBASTIAN™

Einkarekið apótek

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



Sogavegi við Réttarholtsveg

Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Myndlistarskóli
Kópavogs

Láttu
DRAUMINN
rættast

Innritun
er
hafin.

Skoðið heimasíðuna
www.myndlistaskoli.is

Heilsueflandi Breiðholt

Viðamikil forvarnar-
verkefni að hefjast
í Breiðholti

Góð andleg, líkamleg og félagsleg heilsa er hverjum manni mikilvæg. Alhliða vellíðan og heilbrigði eru líka mikilvæg fyrir farsæld og velgengni samfélaga. Því skiptir miklu máli að fólk fái tækifæri og aðstæður til þess að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl á hverjum þeim vettvangi þar sem það ver tíma sínum. Heilsueflandi Breiðholt er viðamikilið forvarnarverkefni sem hefur það að markmiði að skapa þessi bættu tækifæri og betri aðstæður til heilsueflingar fyrir íbúa í hverfinu. Þessi tækifæri verða sköpuð og þróuð í gegnum viðamikla samhæfingu og markvissar aðgerðir fjölda stofnana og félagasamtaka í hverfinu í góðri samvinnu við heimili og aðra hagsmunaaðila.

Verkefnið er sérstök útfærsla fyrir Breiðholt á nýrri forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar. Einnig byggir verkefnið á samningi Reykjavíkurborgar og Embættis Landlæknis frá árinu 2013 um samstarf til heilsueflingar og aukinnar lýðheilsu í Reykjavík. Aðgerðaáætlun Heilsueflandi Breiðholts á að ná til fólks á öllum aldri; barna, unglinga, fullorðinna og aldraða. Aðgerðaáætlunin er byggð á traustum rannsóknum um mikilvægi heilsueflingar í almennum forvörnum og lögð er áhersla á að forvarnir hefjist strax á leikskólaaldri, séu heildstæðar og sameini krafta og störf þeirra sem vinna að forvörnum í Breiðholti.

Þátttakendur í Heilsueflandi Breiðholti

Heilsueflandi Breiðholti er ætlað að ná til íbúa í gegnum allar stofnanir Reykjavíkurborgar og félagasamtök í hverfinu og mynda þannig heilstæða stefnu um heilsueflandi hverfi. Stofnanir og félagasamtök í hverfinu gegna mismunandi hlutverki í aðgerðaáætlun Breiðholts, en öll þessi fyrirbæri eiga það sameiginlegt að vera mikilvægur hlekkur í forvörnum. Stofnanir og félagasamtök munu einbeita sér að grunnþáttunum í Heilsueflandi Breiðholt þ.e. næringu, hreyfingu, líðan og lífsstíl og að sértækum forvarnarverkefnum. Hver og ein stofnun í hverfinu vinnur aðgerðaáætlun fyrir sína starfsemi og áherslur.

Innleiðing verkefnisins í fullum gangi í Breiðholti

Leikskólar, grunnskólar og Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hafa unnið að undirbúningi verkefnisins og að því að fullgera aðgerðaáætlun sína. Grunnskólarnir í hverfinu hafa ákveðið að vera samstíga í áhersluatriðum og er áhersla á næringu á vorönn 2016.

Heimili fyrir fatlaða hafa nú þegar hafið innleiðingu á Heilsueflandi Breiðholti og hafa heimilin endurbætt fæðuveenjúr íbúa nú þegar á haust mánuðum.

Í félagsstarfi eldri borgara er unnið með grunnþættina næringu, hreyfingu, líðan og lífsstíl. Verið er að kortleggja mögulegar gönguleiðir í Breiðholti og sérstök áhersla lögð á nágrenni Gerðubergs, Árskóga og Seljahlíðar með tilliti til hreyfingar og útiveru eldri borgara.

Frístundaheimilin og félagsmiðstöðvar hafa að sama skapi hafið innleiðingu meðal nemenda og hafa lokið við aðgerðaáætlanir sínar. Fleiri stofnanir og félagasamtök í Breiðholti munu á komandi mánuðum byrja undirbúning og innleiðingu á Heilsueflandi Breiðholti.

Foreldramorgnar

Á þjónustumiðstöð Breiðholts er unnið markvisst að fjölmörgum verkefnum í Heilsueflandi Breiðholti sem snúa að grunnþáttunum næringu, hreyfingu, líðan og lífsstíl. Meðal þeirra eru svokallaðir foreldramorgnar í samstarfi við leikskólana Holt, Hólaborg og Ösp. Á foreldramorgnum er sérstök áhersla lögð á grunnþáttinn líðan í Heilsueflandi Breiðholti. Þá gefst íbúum í Breiðholti kostur að koma saman til að ræða málin í hlýlegu umhverfi. Leikaðstaða er fyrir börnin og kaffi og te á boðstólum, auk þess sem hægt er að fá upplýsingar um ýmsa þjónustu sem er í boði í hverfinu og fá góð ráð þar sem leikskólakennarar og félagsráðgjafar eru á staðnum. Foreldramorgnar eru haldnir í Félags- og fjölskyldumiðstöðinni Gerðubergi (jarðhæð) alla miðvikudagsmorgna milli kl. 9.30 til 11.30.

Verkefnisstjórn Heilsueflandi Breiðholt

Þórdís L. Gísladóttir verkefnastjóri á þjónustumiðstöð Breiðholts stýrir verkefninu og veitir allar upplýsingar um Heilsueflandi Breiðholt.

Á síðum Breiðholtsblaðsins verða í framtíðinni reglulega fréttir þar sem lesendur blaðsins geta fylgst með framvindu verkefnisins af vettvangi í Breiðholti.



Þórdís Gísladóttir.

Hafrún Lilja vann
piparhúsakökukeppnina

Úrslit í piparkökuhúsa-keppninni í Hólabrekkuskóla urðu þau að Hafrún Lilja Þorgilsdóttir í 1. bekk varð númer eitt. Í ár var keppt í tveimur flokkum í piparkökuhúsakeppni Hólabrekkuskóla. Annars vegar var heima-bakað frá grunni en hins vegar voru keypt hús og skreytt.

Aðrir sem komust í úrslit voru; Inga Vildís Þorkelsdóttir í 7. bekk, Hulda Þorkelsdóttir í bekk, Kristín Helga Bjarmadóttir í 6. Bekk, Guðni Hlynur Granz í 7. bekk, Arey Ingibjörg Sveinsdóttir í 7. bekk, Leyla Kudari í 7. bekk og Karen Ósk Eyþórsdóttir í 7. bekk.



Hér má sjá nokkur piparkökuhúsanna.

Snjókarlakeppni Breiðholts

Snjókarlakeppni Breiðholts var haldin í fyrsta sinn undir lok liðins árs á vegum íbúasamtaka hverfisins og voru undirtektir góðar. Hugmyndin að baki keppninnar var að gera eitthvað skemmtilegt með íbúunum sem þyrfti ekki að kosta neina fjármuni.

Einnig var vonast til að keppnin myndi skapa stemmningu og samstöðu innan hverfisins og setja líka smá mynd á Breiðholtið. Snjókarlarnir standa

fæstir enn því margir þeirra bráðnuðu niður í óveðrinu 30. desember en þá bar asahláku að garði. En myndirnar sem teknar voru segja sína sögu og vonandi verður efnt til snjókarlakeppni að nýju gefist tækifæri til þess á nýju ári. Eins og sjá má á myndunum stígu ýmsar figúrur upp úr snjónum og jafnvel mátti sjá snjóhunda í stað snjókarla.



Landsliðið í sölu gleraugna!

Nú þegar við fögnum nýju ári þá er ekki úr vegi að Breiðholtsblaðið fagni með Breiðholtsbúum því að Gleraugnabúðin í Mjódd hefur fyrir nokkru hafið sitt fjórða starfsár. Gleraugnabúðin hefur nú slitið barnsskónum. "Kúnnahópurinn hefur vaxið og dafnað með hverju árinu og svo virðist sem gamlir viðskiptavinir fylgi starfsfólkinu í Breiðholtið.

Einnig hefur komið þægilega á óvart hversu margir Breiðhylltingar nýta sér þjónustu okkar, enda leggja sig allir á eitt um að gera eins vel og hægt er fyrir alla viðskiptavinini með lausnum sem henta hverjum og einum." Sagði Jóhannes okkur þegar Breiðholtsblaðið leit við í versluninni. Á myndinni sjáum við þau Guðmundu, Jóhannes eiganda og stofnanda Gleraugnabúðarinnar, Jónu og Kristbjörgu. Þau Jóhannes, Guðmunda og Jóna fagna brátt 10 ára starfsafmæli sínu saman. Áður voru þau í Kringlunni, eða frá árinu 2007, en fluttu sig í Mjóddina haustið 2012. Síðast liðið haust bættist svo Kristbjörg Ólafsdóttir í hópinn, en hún hefur unnið sleitulaust í þessum geira í hartnær 50 ár. Við óskum Gleraugnabúðinni og starfsfólki velfarnaðar á nýja árinu.



Starfsfólk Gleraugnabúðarinnar í Mjódd óskar Breiðhylltingum gleðilegs ár og þakkar fyrir viðskiptin á liðnum árum.

APENA

HÁRSNYRTISTOFA

Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

Félagsmiðstöðvarnar í Breiðholti

Margt að gerast á nýju ári

Nú eru fyrstu vikur ársins gegnar í garð og starfið í félagsmiðstöðvum Breiðholts hafið. Starfið fer vel af stað og mæting góð. Margt skemmtilegt er búið að vera í gangi hjá unglingunum uppá síðkastið og enn meira skemmtilegt á dagskránni á næstu vikum og mánuðum.

Söngkeppni Breiðholts og Breiðholtsball sem eru tveir af stærstu viðburðum ársins voru haldnir saman þann 29. desember síðastliðinn. Söngkeppni Breiðholts er undankeppni fyrir söngkeppni Samfés sem fer fram í mars. Breiðholtið fær þann heiður að senda tvö atriði þetta árið svo fyrsta og annað sætið í okkar keppni keppa því í söngkeppni Samfés. Halldór Ingi og Viktor Rafn úr félagsmiðstöðinni Bakkanum fóru með sigur af hólmi í þetta skiptið og keppa því fyrir hönd Breiðholts í söngkeppni Samfés ásamt Alex Birgi og Oliver Sveinsyni úr félagsmiðstöðinni Hólmaseli. Næstu stóru viðburðir hjá okkur eru Breiðholt got talent eða hæfileikakeppni



Gjarnan er fjölmennt í félagsmiðstöðvunum eins og sjá má.

Breiðholts sem fram fer þann 19. febrúar, Samfestingurinn 4. og 5. mars og skíðaferð til Akureyrar 18.-19. mars. Þessir viðburðir verða betur auglýstir síðar í félagsmiðstöðvunum, á heimasíðu, í skólunum og á facebook síðum félagsmiðstöðvanna. Viljum einnig minna á Tíul2 ára starfið hjá okkur sem

er á mánudögum og miðvikudögum milli 15:00 og 17:00 í félagsmiðstöðinni Bakkanum og á þriðjudögum og fimmtudögum á sama tíma í Hólmaseli og Hundraðogellefu. Starfið er algjörlega frítt og margt spennandi í boði fyrir þennan aldurshóp og því hvetjum við alla til að mæta og kynna sér dagskránni.

Hellirinn – félagsmiðstöð fyrir fötluð börn

Félagsmiðstöðin Hellirinn er staðsett í Kleifarseli. Hellirinn er sértæk félagsmiðstöð fyrir fötluð börn og unglinga sem að sækja almenna grunnskóla. Í vetur hafa 13 börn og unglingar sótt fjölbreytta dagskrá í félagsmiðstöðinni. Mikil áhersla hefur verið lögð á klúbbastarf og má þar meðal annars nefna ljósmynda og matreiðsluklúbb.

Í lok október var haldið sameiginlegt Halloween ball með hinum sértæku félagsmiðstöðvunum í Reykjavík, en þær eru þrjár talsins. Ballið var haldið í Hofinu sem er staðsett í vesturbænum. Mikið kapp var lagt í búningana enda hægt að vinna til verðlauna auk þess sem hægt var að næla sér í happdrættisvinninga. Góð aðsókn var á viðburðin og mikil ánægja.

Hellirinn er meðlimur í SAMFÉS, Samtökum félagsmiðstöðva á Íslandi. Helgina 9. til 11. október fóru tveir unglingar ásamt starfsmönnum á Landsmót SAMFÉS



Nokkrir „Hellisbúar“ á góðum degi.

sem var haldið á Akureyri. Þar komu saman unglingar alls staðar af landinu og nutu helgarinnar saman í hinum ýmsu viðburðum. Boðið var upp á fjölbreyttar

fræðslu og afþreyingarsmiðjur, góðan mat og samveru á kvöldvöku og balli. Við í Hellinum hlökum til komandi árs og þess sem það hefur uppá að bjóða.

Manhattan Hárgreiðslustofa
er ný stofa staðsett á
Dalvegi 18, Kópavogi.

Erum með neglur og snyrtistofuna
Beuty By Inger hjá okkur.

Erum með opnunartilboð út janúar,
20 % afsláttur af allri hárbjónustu
og 15 % afsláttur af vörum.

Svo er alltaf 10 % afsláttur
fyrir ellilífeyrisþega.

Tímamantanir eru í síma
5716111 / 6907700



Opið alla daga
frá kl. 11 til 23.



Lóuhólar 4, nálægt Dominospizza

Sími: 557 1414



ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

Mikið úrval af frábærum fatnaði á allar konur

30-50% afsláttur

Verið velkomnar



Mjódd - S. 557 5900

Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

Persónuleg og traust tölvþjónusta í Mjódd, sama húsi og Íslandsbanki.

Parabakki 3, **Mjódd**
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

Kirkjukór Fella- og Hólakirkju óskar eftir söngfólki

Reynsla æskileg en ekki nauðsynleg.

Auk hefðbundins messusöngs eru æfð kórverk t.d. eftir Vivaldi.

Kórinn æfir á þriðjudagskvöldum.

Áhugasamir hafi samband við Arnhildi Valgarðsdóttur organista í síma 6987154, eða í netföngin: arnhildurv@simnet.is og/eða Ólafía Daníelsdóttir, olafiad@simnet.is

Getraunanr. 111

Leiknir var stofnað 1973



www.leiknir.com

Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Dósasöfnun - takk fyrir okkur!

Þriðji og fjórði flokkur Leiknis fóru um hverfið okkar á laugardaginn og söfnuðu dósum og flöskum. Var þetta liður í fjáröflun fyrir ferð til Gautaborgar sem farin verður í júlí.

Stemningin var góð í hópnum og þrátt fyrir kulda var gengið hús úr húsi. Ekki er hægt að segja annað en að móttökurnar hafi verið góðar. Það kostar sitt að fara á knattspyrnumót til útlanda en söfnun sem þessi léttir mikið undir. Hópurinn vill færa bestu þakkir til allra sem styrktu þá.

Iðkendur Leiknis ánægðir með afrakstur dagsins sem var fullur flutningabíll af skilagjaldsskyldum umbúðum og meira til.



www.az-futbol.com

Leiknishúsið í frönsku fánalitunum

Í kjölfar hinna sorglegu atburða sem áttu sér stað í París í nóvember sáu st frönsku fánalitirnir víða en aðallega á samfélagsmiðlum. Fólk vildi með þessu votta samúð og sýna samhug. Leiknismaðurinn Þórir Þórisson brást við með því að lýsa Leiknishúsið upp með rauðum, hvítum og bláum lit til minningar um fórnarlömb hryðjuverkaárásanna.

Leiknishúsið var sannarlega fallett þetta kvöld og greinilega vakti þetta eftirtekt því formanni Leiknis barst þakkarbréf frá sendiherra Frakklands á Íslandi. Í bréfinu stendur meðal annars: "Við metum mikils samhuginn sem íslenskir vinir auðsýndu



Leiknishúsið var fallega upplýst í frönsku fánalitunum þann 14. nóvember sl.

okkur á þessum þungbæru stundum og ég er yður þakklátur fyrir að hafa staðið við hlið Frakklands og Parísar þessa sorgartíma". Undir bréfið ritar Philippe O'Quin sendiherra Frakklands.

www.leiknir.com

ÍR- og Leiknisvörur í úrvali

Enskar fótboltavörur

Leikföng í úrvali

Leiksport
Sími 5575020 Hólagarði

Útsala
20-80% afsláttur
af öllum vörum

SÚPER SÓL / NOON HÁRSTOFA

Hólmaseli 2, 109 Reykjavík
S. 567 2077 – 587 0077

Mán – Fös 10 - 22
Laugard. 10 - 18

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is • Allan sólarhringinn



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

Gamlárshlaup ÍR haldið í fertugasta sinn

Gamlárshlaup ÍR var haldið í 40. sinn á gamlársdag en hlaupið er meðal stærstu hlaupaviðburða landsins og fjöldi erlendra ferðamanna skráður til leiks. Næstum 1100 manns tóku þátt að þessu sinni en færðin var ágæt, þó smá hálka hafi verið sumstaðar á leiðinni.

Það ríkir ávallt mikil stemning í hlaupinu þar sem hlauparar kveðja hvert árið sem liður en einnig fyrir þær sakir að þar hefur skapast sú hefð að hlauparar mæta í skrautlegum búningum sem setur mjög skemmtlegan svip á hlaupið. Metnaður er fyrir því að mæta í sem frumlegustum búningi en í ár unnu Strumparnir þennan hluta keppninnar.



Um 1100 manns tóku í gamlárshlaupi ÍR.

Aníta Hinriksdóttir í hópi með 10 bestu íþróttamönnum landsins

Aníta Hinriksdóttir, 800m hlaupari úr ÍR sem æfir undir stjórn Gunnars Páls Jóakimssonar, var í hópi þeirra 10 íþróttamanna sem Samtök Íþróttaféttamanna heiðruðu 30. desember síðastliðinn í Hörpunni.

Aníta er vel að þessu komin en hún náði frábærum árangri á árinu 2015 og með tímanum sem hún hljóp á í 800m, 2:01,01 mín hefur hún öðlast keppnisrétt á

Ólympíuleikunum í Ríó í ágúst. Aníta mun nú halda áfram undirbúningi sínum fyrir leikana en með aðeins aðrar forsendur í huga þar sem "fókusinn" er ekki á að toppa á einhverju tilteknu móti snemma sumars til að ná lágmarkinu heldur að undirbúa sig af kostgæfni með alla lágmarka-pressuna að baki.



Aníta Hinriksdóttir.

Vel heppnaðir silfurleikar 2015

Silfurleikar ÍR voru haldnir í 20. sinn í lok nóvember og þóttust takast einstaklega vel. Keppnin fór fram í frjálsíþróttasal Laugardalshallarinnar og var nýtt þáttökumet slegið en 780 ungmenni á aldrinum 4 til 17 ára frá 28 félögum og héraðssamböndum tóku þátt. Þetta eru 180 keppendum fleiri en árið á undan og þremur félögum fleira en í fyrra.

Fjölþraut barna er alltaf vinsæl meðal þeirra allra yngstu en þar kynnst þau frjálsíþróttum í fyrsta sinn á skemmtilegum og uppbyggjandi hátt. Þar reyna þau með sér í sex mismunandi þrautum og skín áhuginn og kappið í andlitunum. Þau keppa sem lið á mótinu og skapast oft mikil stemming í hópnum. Mögulega verða einhverjir úr þessum hópi íþróttafólk framtíðarinnar á Íslandi.

Fjórþraut 10 til 11 ára

Nýmæli var að keppt var í fjórþraut 10 til 11 ára en þar keppa ungmennin í fjórum keppnisgreinum. Keppendur fara í gegnum þrautina í litlum hópum en slík samvinna gefur þeim tækifæri til að þroska félagslega þáttinn hjá sér og efla samvinnu og kunningsskap sem einmitt er svo mikilvægt í íþróttum. Áhuginn fyrir þessari grein var svo mikill að það var sett Íslandsmet í fjölda keppenda í einni keppnisgrein á frjálsíþróttamóti, nýja Íslandsmetið er 144 keppendur sem skipuðu 18 flotta hópa sem sumir voru blanda af íþróttamönnum frá mismunandi félögum, íþróttafólk sem kannski þekktist ekki neitt fyrir mótið.

Frá Silfurleikunum 2015.

Gleði þrátt fyrir harða keppni

Þrátt fyrir að gleði og ánægja sé megin markmiðið með þátttöku í frjálsíþróttum þá er ekki hægt að segja annað en að keppnin hafi verið hörð og mikið um bætingar á persónulegum árangri sem sýnir að unga íþróttafólkið okkar er að taka framförum. Þau einstaklings afrek sem stóðu upp úr þeim 600 bætingum sem áttu sér stað á mótinu voru 1.70 m í hástökki 12 ára pilta en þar bætti Kristján Viggó Sigfinnsson, Ármanni, met frá árinu 1993 um 4 cm. Hin 12 ára Jana Sól Valdimarsdóttir, FH, hljóp 600m á tímanum 1:44,80 mín og Helgi Pétur Davíðsson, UFA, hljóp 60m grindahlaup í flokki 15 ára pilta á tímanum 8,75sek.

Yfir 100 sjálfboðaliðar

Yfir 100 sjálfboðaliðar á

öllum aldri úr röðum ÍR-inga framkvæmdu mótið, flestir þeirra foreldrar barnanna sem tóku þátt og félagar úr meistaraflokki félagsins. Að framkvæma mót sem þetta eflir félagsandann og félagsauðinn innan félagsins og í samfélaginu auk þess að gefa foreldrum tækifæri til að taka virkan þátt í áhugamáli barnsins sín sem er mjög mikilvægt fyrir velferð ungmennanna. Fjöldinn allur af aðstandendum mættu til að hvetja sitt fólk og festa „mómentin“ á filmu og á tímabili jaðraði við að fjöldinn væri orðinn of mikill þrátt fyrir að Laugardalshöllin sé ansi stór. Einhverjir úr þeim hópi sem þar var saman kominn voru að koma í Laugardalshöllina í fyrsta sinn og upplifa stemminguna sem þar var og vonandi munu þeir halda áfram að koma til að taka þátt í því flotta frjálsíþróttastafi sem ÍR leiðir.



Fréttir
Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Uppbyggingarstarf hjá knattspyrnudeild

Kæru Breiðhyllingar.

Það er við hæfi í byrjun árs að skoða þann árangur sem náðst hefur í starfi knattspyrnudeildar ÍR undanfarið.

Í dag iðka um þrjú hundruð manns, á ólíkum aldri, knattspyrnu á vegum deildarinnar. Deildin hefur undanfarið horft til framtíðar og lagt áherslu á framtíðaruppbyggingu starfsins. Endurskipulagning hófst á árinu 2012. Ráðist var í fjárhagslega endurskipulagningu og við gerðum átak í að fjölga því fólki sem tekur þátt í starfi félagsins.

Núna í ár urðu þær breytingar að eftir farsælt starf lét Halldór Þ. Halldórsson af störfum sem yfirþjálfari barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar og Sigurður Þórir Þorsteinsson tók við. Félagið leggur áherslu á að hafa í sínum röðum metnaðarfulla og reynda þjálfara með tilskilin réttindi. Við teljum að það sé grundvöllur að uppbyggingu barna- og unglingastarfsins, sem mun svo að sjálfsögðu skila okkur sterkari einstaklingum í meistaraflokkana þegar fram sækir. Meistaraflokkum ÍR er ætlað að byggja á grunni afraksturs unglingastarfsins hjá okkur. Þeir flokkar eru andlit félagsins út á við og ætla sér stóra hluti í sumar eins og ávallt.

Það uppbyggingarstarf sem við erum í byggir á að fjármál deildarinnar séu í lagi. Við rekstur ÍR, eins og annarra íþróttafélaga, fellur til ýmis kostnaður sem þarf að mæta með tekjuöflun. Langstærsti þátturinn í tekjuöflun okkar er flugeldasalan. Salan gekk ágætlega í ár og skilaði

okkur svipuðum tekjum og í fyrra. Mig langar til að þakka öllum þeim sem lögðu leið sína til okkar í flugeldasöluna og keyptu af okkur flugelda. Mig langar að árétta af gefnu tilefni að sá hagnaður sem fæst af sölu flugeldanna rennur ekki bara í starf meistaraflokkanna, heldur til deildarinnar í heild sinni.

Starfið byggir ekki bara á traustu fjármálum, heldur einnig fórnfúsu starfi sjálfboðaliða sem taka þátt. Það eru ótal verk sem falla til í starfi knattspyrnudeildar. Því fólki sem sinnir þessu starfi með okkur hefur fjölgað undanfarin ár. Árangur knattspyrnudeildarinnar byggir á þeirri vinnu sem við erum reiðubúin að leggja á okkur. Þess vegna viljum við áfram fjölga í okkar hópi og erum þessa dagana að skipuleggja bætta umgjörð fyrir fótboltann hjá okkur í Breiðholtiinu og þar ætlum við að hafa gleðina að leiðarljósi. Hvet ég sem flesta til þess að kynna sér þær hugmyndir og taka þátt í okkar starfi á nýju ári og komandi árum.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem hafa hafa lagt okkur lið og vona að þið haldið áfram góðu verki fyrir félagið ykkar.

Gleðilegt ár og áfram ÍR.

Árni Birgisson formaður knattspyrnudeildar ÍR.



Opnunartímar:
Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.
Föstudaga
13:00 til 19:00.
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00.

Sími: 588 9705
www.skautaholl.is



GETRAUNANÚMER
ÍR ER 109

PAMPERS GÆÐABLEYJUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Botnverð á Pampers bleyjum í Iceland



Pampers®

ÓTRÚLEGT
VERÐ



TILBOÐ Á BLEYJUM

kr.
1199
pakinn

PAMPERS
ALLAR STÆRÐIR - STÓRIR PAKKAR



Borgaðu með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró.
Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að **14 daga vaxtalausn greiðslufrest**.
Skráðu þig á www.netgiro.is

 **Netgíró**
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum



OPÍÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland